

Greinargerð

um framkomnar athugasemdir um kynningu tillögu að friðlýsingu svæðis í Þjórsárdal

Tillaga að friðlýsingu svæðis í Þjórsárdal var auglýst þann 13. júní 2019 í samræmi við 2. mgr. 39. gr. laga nr. 60/2013. Erindi var sent öllum samráðs- og hagsmunaaðilum þar sem fram kom hvar tillöguna væri að finna og hvernig hægt væri að koma athugasemdum og ábendingum á framfæri. Sérstaklega var óskað eftir umsögnum fagstofnana sem ekki áttu sæti í samstarfshópnum. Auk þess var tillagan auglýst á heimasiðu Umhverfisstofnunar og facebook síðu Umhverfisstofnunar. Frestur til að gera athugasemdir var til og með 16. september 2019.

Alls bárust erindi frá sjö aðilum á kynningartíma. Auk þess komu fram ábendingar á kynningarfundum um tillöguna sem haldinn var í Árnesi þann 20. júní 2019. Erindi bárust frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Náttúrufræðistofnun Íslands, Ferðamálastofu, Sigþrúði Jónsdóttur, Hafrannsóknarstofnun, Landgræðslunni og Sig-rúnu Guðlaugsdóttur.

Samstarfshópur sem vann að undirbúningi tillögu að friðlýsingu svæðisins þakkar öllum sem sendu ábendingar og athugasemdir. Hér á eftir er gerð grein fyrir athugasemdunum og viðbrögðum við þeim.

Mörk svæðisins

Náttúrufræðistofnun Íslands benti á að við Háafoss og Granna eru leifar af jökulgarði sem er á mörkum þess að vera innan náttúrvættisins.

Sigþrúður Jónsdóttir fagnaði í athugasemdum sínum áformum um friðlýsinguna. Hún bendir þó á að til að uppfylla enn betur markmið friðlýsingarinnar liggur beint við að stækka svæðið þannig að fjallið Dímon og svæði þar ofan við og inn af Áslákstungnagili verði innan þess. Hún bendir m.a. á að á þessu svæði sé mikill líffræðilegur fjölbreytileiki, margar plöntutegundir og áhugaverð gróðurframvinda en einnig gróður og jarð-vegseyðing. Í Áslákstungum eru háar birkivaxnar gróðurtorfur sem eru rofnar og víða virk gróður- og jarð-vegseyðing sem mikilvægt er að stöðva. Sigþrúður telur að engin augljós ástæða virðist vera fyrir því að friðlandið nái ekki niður á Sandártungu og upp með Þjórsá í austri, þannig að allir Vikrarnir yrðu innan friðlandsins sem væri heildstæðari friðun landslagsheildar.

Landgræðslan leggur til í sínum athugasemdum að mörk friðlandsins verði stækkuð þannig að það nái yfir birkitorfur í Áslákstungum og fjallsins Dímons. Birkitorfurnar eiga í völk að verjast vegna jarðvegsrofs og bent á að ætla megi að birkið í Áslákstungum sé hið upprunalega í dalnum sem hefur aðlagaðst því umhverfis sem þar er auk þess sem þær eru mikilvægar til að viðhalda líffræðilegum erfðabreytileika. Þá kemur fram að Dímon sé sérstakt og formfagurt skógi vaxið fjall og að á toppi þess sé mjög áhugaverð gróðurframvinda.

Viðbrögð

Varðandi ábendingu Náttúrufræðistofnunar Íslands um jökulgarð sem var á mörkum þess að vera innan náttúrvættis þá hefur mörkum náttúrvættisins verið breytt þannig að nú er allur jökulgarðurinn innan marka þess.

Varðandi ábendingar Sigþrúðar og Landgræðslunnar um mörk svæðisins var það niðurstaða samstarfshóps sem vann að undirbúningi friðlýsingarinnar að afmörkun svæðisins nái ekki niður á Sandártungu og upp með Þjórsá í austri að svo stöddu heldur skuli miða að því að friðlýsa það svæði sem hugmyndin náði upphaflega til innan marka Skeiða- og Gnúpverjahrepps, þ.e. Gjain og Fossárdalur með Háafossi, Granna og Hjálparfossi. Með þeirri ákvörðun er ekki tekin afstaða til verndargildis þess svæðis sem bent er á í athugasemdunum né útlokaðir möguleikar á friðlýsingu þess svæðis síðar. Er því lagt til að þegar sú tillaga að friðlýsingu sem unnið hefur verið að hefur verið samþykkt að skoðaðir verði möguleikar á friðlýsingu þess svæðis sem vísað er til í athugasemdunum.

Samstarfshópur

Náttúrufræðistofnun Íslands benti á að skoða ætti hvort Landgræðslan ætti að eiga fulltrúa í samstarfshóp um málefni verndarsvæðisins.

Viðbrögð

Þar sem landgræðslusvæði í Þjórsárdal er utan þess svæðis sem fyrirhugað er að friðlýsa var ekki talin ástæða til að fulltrúi Landgræðslunnar eigi sæti í samstarfshóp. Hins vegar mun samstarfshópurinn óska eftir samstarfi við Landgræðsluna eftir þörfum.

Stýring

Samtök ferðaþjónustunnar fagna því að með friðlýsingunni skapist betra tækifæri til að bæta stýringu og ekki síst með aukinni landvörsli megi vænta betri upplýsingagjafar. Samtökin bentu á að mikilvægt væri að umgengni um svæðið væri skipulögð og henni stýrt af fagmennsku og að fundið yrði jafnvægi milli verndar og móttöku gesta, enda telja samtökin að hagsmunir náttúruverndar og ferðaþjónustu fari saman.

Sigþrúður Jónsdóttir vekur athygli á því að engar merktar gönguleiðir eru í Rauðukömbum ná á Fossöldu eins og sagt er í 15. gr. í drögum að friðlýsingaskilmálum svæðisins.

Landgræðslan vekur athygli á mikilvægi vandaðra göngustíga á svæðinu með náttúruvernd að leiðarljósi sem falla vel að landslaginu og valda lágmarks raski á jarðvegi, gróðri og jarðmyndunum. Mikilvægt er að hafa í huga fjölbreytta útvistarmöguleika á svæðinu og að leitast skuli við að koma til móts við vaxandi hópa hjólreiðafólks og utanvegahlaupara. Settar eru fram ábendingar varðandi gerð göngustíga og lýsir Landgræðslan sig fúsa til samráðs um hönnun göngustíga á svæðinu verði til hennar leitað. Þá kemur einnig fram að reglugilegt eftirlit með svæðinu og landvarsla hefur mikla þýðingu fyrir náttúruvernd, öryggi og þjónustu við gesti. Landgræðslan tekur einnig fram að hún styðji takmarkanir á umferð gesta á leysingartímum og vissum árstíma þegar mikið vatn situr í jarðvegi og jarðvegur og gróður er sérlega viðkvæmur fyrir átroðningi.

Viðbrögð

Varðandi gönguleiðir í Rauðukömbum og á Fossöldu bendir Umhverfisstofnun á bráðabirgðaákvæði í 21. gr. auglýsingarinnar þar sem fram kemur að þar til göngu-, hjóla-, og reiðstígar hafa verið skipulagðir og kort þess efnis birt í stjórnunar- og verndaráætlun er umferð heimil á þeim leiðum sem hefð er fyrir.

Bent er á að skipaður hefur verið starfshópur á vegum sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem hefur það hlutverk að skilgreina göngu-, hjóla- og reiðleiðir, m.a. innan þess svæðis sem fyrirhugað er að friðlýsa. Þegar sá hópur hefur lokið störfum mun kort með leiðum verða birt.

Í tengslum við skipulagningu ferðaleiða um svæðið telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að við hönnun leiðanna sé litið til þess að ekki verði raskað sérstökum náttúrumyndunum eða menningarminjum.

Starfsemi innan svæðisins

Ferðaþjónusta

Samtök ferðaþjónustunnar styðja friðlýsinguna og benda á að innan svæðisins sé verið að vinna að verkefni tengdu ferðaþjónustu sem hafa verið í undirbúningi um nokkurt skeið við Þjórsárdalslaug við Reykholt sem ætti að geta rúmast innan þeirra skilmála sem lagðir voru fram. Þá bentu samtökin á að þegar hafa verið gerðar breytingar á aðal- og deiliskipulagi vegna verkefnisins.

Viðbrögð

Ljóst var frá upphafi vinnu við undirbúning tillögu að friðlýsingu svæðisins að stefnt væri að uppbyggingu ferðaþjónustu við Reykholt og rúmast sú uppbygging innan þeirra skilmála sem kynntir voru. Til að auka skýrleika enn frekar var bætt við einu svæði til viðbótar sem skilgreint var til uppbyggingar ferðaþjónustumannvirkja sem teiknað hefur verið inn á kort sem sýnir mörk svæðisins. Auk þess var texta í auglýsingu um friðlýsingu breytt til samræmis.

Önnur starfsemi

Á kynningartíma óskaði Sigrún Guðlaugsdóttir eftir upplýsingum um hver stefnan væri í tengslum við vikurnámur sem hún á vestan við Rauðukamba á afrétti Flóa og Skeiða.

Viðbrögð

Námurnar sem vísað er til í fyrirspurninni eru utan svæðisins sem fyrirhugað er að friðlýsa og hefur friðlýsingin því engin áhrif á þær.

Veiðinýting

Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar var bent á að innan þess svæðis sem gert er ráð fyrir að friðlýsa eru ár þar sem veiðinýting er stunduð. Ekki er löng hefð fyrir nýtingunni sem er enn að vaxa og þróast á svæðinu. Þá bendir Hafrannsóknarstofnun á að innan svæðisins gætu verið möguleikar á fiskirækt og tilgreindi þau laga-ákvæði sem um slíkt gilda. Þá benti Hafrannsóknarstofnun á að þeir sem stunda veiði þurfa að hafa svigrúm til þess sem taka þarf tillit til við gerð friðlýsingarskilmála. Einnig að taka þurfi tillit til þess að gera þurfi ráð fyrir svigrúmi veiðiréttthafa til þess að sinna og uppfylla skyldur um sjálfbæra nýtingu og mögulega fiskrækt en hún ætti að geta rúmast innan friðlýsingarskilmála líkt og t.d. skógrækt og skotveiði. Þá benti stofnunin á að við veiðiár eru oftast veiðihús sem eru aðsetur fyrir veiðimenn og þjónusta. Að því þarf að huga við skipulag svæðisins og markmið friðlýsingar.

Viðbrögð

Umhverfisstofnun bendir á að í 18. gr. friðlýsingarskilmála kemur fram að heimild til veiða í ám og vötnum helst eins og verið hefur. Friðlýsingin á því ekki að takmarka veiðar í ám og vötnum svo fremi sem farið sé að öðrum reglum sem um svæðið gilda. Stofnuninni hafa ekki borist upplýsingar um að áform séu uppi um fiskirækt á svæðinu en komi til slíks telur stofnunin eðlilegt að slíkt fari í ferli og að fjallað verði um það á vettvangi

samstarfshóps sem kveðið er á um í 4. gr. friðlýsingarskilmála. Gangi fiskirækt ekki gegn markmiðum friðlýsingar ætti friðlýsing ekki að koma í veg fyrir slíkt. Hvað varðar uppbyggingu mannvirkja í tengslum við veiðar á svæðinu fellur það undir ákvæði 13. gr. þar sem fram kemur að framkvæmdir, aðrar en vernd og endurheimt birkiskóga, eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar að fenginni umsögn Minjastofnunar Íslands. Leyfi til framkvæmda þarf frá Skeiða- og Gnúpverjahrepp sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvirki. Einnig þarf leyfi frá forsætisráðuneyti og/eða sveitarfélagi sbr. lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu.

Verndun búsetulandslags

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að í 4. gr. er notað hugtakið búsetulandslag og samstarfshóp um vernd þess. Stofnunin bendir á að ekki kemur fram hvar slíkt landslag er að finna á svæðinu. Þá kemur heldur ekki fram hvernig samstarfshópur um búsetulandslag er skipaður.

Viðbrögð

Með tilvísun í búsetulandslag og samstarfshóp um verndun þess er verið að vísa til friðlýsingar sem Minjastofnun Íslands vinnur að um verndun búsetulandslags í Þjórsárdal. Byggir sú friðlýsing á ákvæðum laga um menningarminjar nr. 80/2012 og tekur til búsetulandslags svæðisins á meðan sú friðlýsing sem lögð var fram tillaga að byggir á ákvæðum náttúruverndarlaga og fjallar um verndun náttúruminja.

Annað

Ferðamálastofa gerði ekki athugasemdir við tillögu að friðlýsingu svæðis í Þjórsárdal.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að háspennulína sem liggur norðaustan við Háafoss er mjög áberandi í landslaginu og mætti í framtíðinni skoða hvort ekki sé hægt að fjarlægja hana eða setja í jörðu til verndar landslagi í Þjórsárdal. Þá bendir stofnunin einnig á að verndarsvæðið er í nálægð vatnsorkuvera og innan þess eru þrjú náttúrvætti með fossum. Bent er á að mikilvægt er að vernda vatnasvið eða tryggja vatnsstreyimi til fossanna og viðhalda virkum ferlum náttúrunnar.

Á opnum kynningarfundum um tillögu að friðlýsingu svæðis í Þjórsárdal komu fram ábendingar varðandi þyrluflug og lendingar, veiðar í náttúrvættunum og dróna/fjarstýrðra loftfara. Niðurstaða samstarfshóps varðandi þessi atriði var eftirfarandi:

- Að óheimilt sé að lenda þyrlum innan þeirra svæða sem skilgreind hafa verið sem náttúrvætti.
- Að veiðar séu óheimilar innan þeirra svæða sem skilgreind hafa verið sem náttúrvætti, fyrst og fremst í öryggisskyni.
- Að flug fjarstýrðra loftfara vegna rannsókna Minjastofnunar Íslands á menningarminjum innan náttúrvætta sé heimilt.

Mývatnssveit, 26. nóvember 2019

UST201805-141/hv